

Skólaráð

Skólaráð 9. des 2014

41. fundur

Fundur settur kl. 8.10

Mætt voru: María Pálmadóttir skólastjóri, Ólöf Kristín Einarsdóttir fulltrúi kennara, Hildur Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Kristbjörg Tinna Ásbjörnsdóttir fulltrúi foreldra og Kristín Thoroddsen, fulltrúi grenndarsamfélags og Þórður Skúlason fulltrúi nemenda.

1. Símenntunar- og starfsáætlun
2. Kynning á niðurstöðum samræmdra prófa og úrbætur
3. Forvarnarfræðsla
4. Önnur mál

1. Símenntunar- og starfsáætlun: Starfsáætlun er í vinnslu af hálfu skólans sem send verður fræðsluskrifstofu þegar henni er lokið.

María gerði grein fyrir matsáætluninni sem framkvæmd er eftir niðurstöður sem koma eftir könnun sem gerð er með skólapúlsinum sex sinnum á ári. Niðurstöður benda meðal annars til þess að kanna þarf samband nemenda og kennara ásamt því að skoða gagnsemi af starfsmannaviðtölum. Hún sagði frá teymi sem sett hefur verið á laggirnar sem hefur það að markmiði að fá nemendur til að njóta lesturs betur og auka áhuga barna á lestri almennt.

María sagði frá því hvernig innleiðing Olweusar hefur gengið. Gerð hefur verið könnun á líðan barna í nokkrum bekkjum og unnið er úr niðurstöðunum. María sagði frá verkefni sem allir skólar í Hafnarfirði taka þátt í þann 25. febrúar en þar á að skoða þau viðmið sem sett eru í starfssemi skólanna, samræma allar skimanir ofl.

Setbergsskóli tekur þátt í þróunarverkefni sem gengur út á það að hraða námsárangri og er gert með endurtekningum og mikilli æfingu.

2. Kynning á niðurstöðum samræmdra prófa og úrbætur: María greindi frá niðurstöðum samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk. Var okkur sagt frá samanburði skólans við Hafnarfjörð og landið allt.

Skólaráð

Farið verður í að skoða niðurstöðurnar enn frekar eftir áramót með það að markmiði að bregðast við þar sem það á við.

3. Forvarnarfræðsla: Rætt var um forvarnarfræðslu sem boðið er upp á í skólanum og komu fulltrúar nemenda með ábendingar um að auka mætti kynfræðslu innan unglingadeildar og fleiri ábendingar sem tekið verður tillit til á komandi ári. Fyrirspurn kom frá foreldri um Marita fræðsluna og svaraði María því til að á næsta ári yrði boðið uppá Maríta fræðsluna á næsta ári og þá fyrir allar þær bekkjardeildir í unglingadeild sem ekki hafa fengið þessa fræðslu. Sagði María frá því að stöðugt væri verið að vinna að forvörnum en misjafnt hvað væri boðið uppá í hvert skipti.

4. Önnur mál: Rætt var um öryggi barna á skólalóðinni, þ.e. hvort næginlega margir skólaliðar væru á lóðinni í hvert skipti. Sagði María svo vera og að engin breyting hefði verið á mönnun á þessu ári og að það væri sambærilegt við síðustu ár.

Fundi slitið kl. 09:30

Kristín Thoroddsen ritaði fundargerð.